

## **Fundargerð 30. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 30. maí 2007**

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 16.00- 18.20

**Fundarmenn:** Fanney Sigurgeirsdóttir (FS), Hulda Ásgrímsdóttir (HÁ), Guðný Ragnarsdóttir (GR) (fundarritari), Þóra Sigurbjörnsdóttir (ÞS) (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir (ÞTP).

Auk þeirra sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis (HG), Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða (RS), Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna (SH).

**1. Fundargerð síðasta fundar** var lögð fram og samþykkt.

### **2. Erindisbréf skráningarráðs og efnisorðaráðs.**

Stjórn Landskerfis bókasafna hefur samþykkt ný erindisbréf skráningarráðs (9. mars) og efnisorðaráðs (23. apríl). Helstu breytingar eru þær að öll efnisorðaumfjöllun flyst frá skráningarráði. Í nýju skráningarráði munu sitja fjórir fulltrúar og tveir sérfræðingar í stað þriggja áður. Þrír verða tilnefndir af Alefli og einn af Landsbókasafni. Erindisbréfið tekur gildi 1. september 2007 og er starfstími ráðsins 1. sept. – 31. ágúst og skipað er í ráðið til eins árs í senn.

Í efnisorðaráði munu áfram sitja fjórir sérfræðingar, þrír skipaðir af Landskerfi og tilnefndir af skráningarráði og einn tilnefndur af Landsbókasafni; ritstjóri efnisorða í Gegni. Starfstími efnisorðaráðs er ekki tilgreindur en ráðið er skipað til 2ja ára í senn.

### **3. Kóðun tónlistarefnis.**

HG kynnti erindi frá Önnu Jensdóttur um kóðun tónlistarefnis. Lagðar eru til tvær breytingar sem þegar hafa verið felldar inn í handbók skrásetjara Gegnis.

1) 008 sæti 18-19 = mc

Við kóðann mc standi söngleikir / leikhústónlist í stað söngleikir.

2) 048 = en

Við kóðann en standi Elektrónísk hljóðfæri í stað Raftónlist.

Eftir er að uppfæra skjal um kóðun á vef Landskerfis. RS tekur að sér að uppfæra skjalið en þarf að fá grunnskjalið frá Sveinbjörgu.

HÁ benti á að brögð eru að því að fólk breyti ekki kóðum í veiddum tónlistarefnisfærslum. HG ætlar að senda áminningu um málið á Vöndu.

### **4. Breytt URL (Erindi frá GR 15. feb. 2007)**

Fjallað var um mögulegt verklag við að finna dauða tengla í Gegni og leiðréttingu á þeim. SH ætlar að athuga hvort í 16. útgáfu sé töl til að finna dauða tengla. SH sagði frá vinnu sem fram hefur farið erlendis, t.d. á sumum Norðurlöndum við gagnabanka sem halda saman URN og URL. E.t.v. væri æskilegra að skrá frekar URN og í gegnum gagnabanka væri hægt að breyta URL miðlægt. Á sínum tíma hafnaði Lbs.-Hbs. samstarfi í svona samnorrænu verkefni en viðhorf gætu verið breytt núna.

Einnig var rætt um óleyst vandamál t.d. í sambandi við vefsöfnun og sérstaklega vantar stefnumörkun um skráningu á rafrænu efni. RS og SH tóku að sér að koma með hugmyndir um stefnumörkun um skráningu rafræns efnis í Gegni og hvað er skráð í Gegni og hvað ekki.

### **5. 255 Kortasvið**

Ábending hafði komið fram 2. apríl 2007 um að kortasviðið sæist ekki á gegnir.is.

Þetta hefur nú verið lagfært og sviðið orðið sýnilegt.

## **6. Vinnuhópur um MX og CF**

Lítið hefur gerst frá síðasta skráningarráðsfunði. Skjöl eru í vinnslu og á eftir að lagfæra dæmi. Stefnt að því að afgreiða tillögur frá hópnum á næsta skráningarráðsfunði.

## **7. Ábyrgðarmenn skrásetjara**

HG og ÞS kynntu skjal með uppfærðum hópum skrásetjara og ábyrgðarmönnum skráningar. Skrásetjurum er heimilt að flytja sig milli hópa í samráði við ábyrgðarmenn.

Samþykkt var að birta skjalið á vefsvæði skráningarráðs, í handbók skrásetjara og senda listann á Vöndu.

Rætt var um að nauðsynlegt væri að styrkja ábyrgðarmenn í starfi. HÁ stakk upp á því að ábyrgðarmenn fengju erindisbréf með það fyrir augum að skýra hlutverk þeirra og koma upplýsingum á framfæri við yfirmenn þeirra.

## **8. Tölfræði fyrir Hagstofu Íslands byggð á bókfræði- og eintakaupplýsingum.**

SH sagði frá fundi þeirra Sveinbjargar með Ragnari Karlssyni frá Hagstofunni vegna söfnunar á tölfræðiupplýsingum. Vilji er til að einfalda söfnun tölfræðilegra upplýsinga frá bókasöfnum. Afar villandi er að nota eintakskóðana úr Gegni til að safna upplýsingum og verið er að athuga hvort hægt sé að tengja söfnunina FMT – kóðum í Gegni. Flokkum verði fækkað og breytt.

ÞTP benti á að nauðsynlegt sé að senda niðurstöður úr vinnu þessari til safna sem ekki skrá í Gegni til að þau geti tekið mið af fyrir sína tölfræðisöfnun.

ÞTP benti einnig á að á vettvangi IFLA hafa verið gerðar reglur um þessi mál sem liggja á vef samtakanna.

Nú er verið að taka saman úr Gegni tölfræðiupplýsingar um háskólabókasöfn, Landsbókasafn og sérfræðibókasöfn. Hagstofa vill fá gögn í lok sumars frá Landskerfi. SH heldur áfram að skoða þessi mál og bera undir Skráningarráð.

## **9. Endurskoðun þjónustusamninga m.t.t. skráningar, skráningarráðs og efnisorðaráðs.**

Gera þarf breytingar á þjónustusamningum Landskerfis vegna breytinga á skráningar- og efnisorðaráði. Þetta eru kaflarnir Öryggi og gæði gagna og Skráning gagna í viðauka 2. Bæta þarf Efnisorðaráði inn í og aðlaga textann með tilliti til erindisbréfa ráðanna. ÞS var falið að koma með tillögur að nýjum texta.

## **10. Önnur mál**

a) HG vakti máls á algerum skorti á tölfræði úr Gegni óháð tölfræðisöfnun Hagstofunnar. T.d. vantar upplýsingar um vöxt gagnagrunnsins, fjölda bókfræðifærsla og sameiningu færsla. Einnig vantar upplýsingar um færslur sem engin eintök eru tengd við, vistaðar færslur og hversu miklu hefur verið eytt. Hvað þarf að gera í Gegni til að hægt sé að ná tökum á þessu fyrir næstu áramót? Mögulegt er að það þurfi að breyta skráningu til að hægt sé að ná út upplýsingum. SH, HG og ÞS ætla að taka málið til skoðunar í sumar.

b) ÞTP óskaði eftir pistlum í Fregnir um störf efnisorðaráðs og skráningarráðs og fyrirhugaðar breytingar. ÞS tók að sér að segja frá skráningarráði og RS tók að sér að segja frá efnisorðaráði.

c) HÁ vakti máls á að full ástæða væri til að velta fyrir sér hvort ekki bæri að endurskoða fyrri ákvörðun skráningarráðs um skráningu á kiljum sem koma út árinu á eftir 1. útg. (ib.). Nefndi hún sérstaklega að það gæti hentað notendum betur að skrá kiljur sér. Þannig væri útgáfuár augljóst. Þetta getur verið afar ruglingslegt eins og nú er að málum staðið. Ef til vill er mun betra í mörgum tilvikum að skrá hverja kiljuútgáfu sér og tengja síðan saman með FRBR-íseringu. Nauðsynlegt er að koma með rök með og á móti. Ráðið samþykkti að nota sumarið til að velta fyrir sér þessum málum. Nauðsynlegt væri að taka ákvörðun fljótt ef skrá á kiljur í sér færslu. Samþykkt var að skráningarráð hittist aftur á fundi í lok ágúst.

d) HG vakti athygli á því að alþjóðlega skráningarráðstefnan í febrúar skilaði hagnaði og verður hann notaður til námskeiðahalds fyrir skrásetjara með erlendum gestakennurum.

Fundi slitið 18.20.